

# Lokanir á Landspítalanum – geðheilbrigðisþjónusta

Fundur með velferðarnefnd Alþingis miðvikudaginn 28. ágúst 2019

## Innlegg

Geðhjálp berast oft kvartanir um að óeðlilega hár þröskuldur sé að þjónustu geðsviðs Landspítalans (LSH). Hlutfall rúma á geðdeildum á Íslandi miðað við íbúafjölda er hvergi lægra á Norðurlöndunum eða 0,38 fyrir hverja 1.000 íbúa.

Rúmefjöldi á geðdeildum á Norðurlöndunum miðað við hverja 1.000 íbúa (OECD, 2017):

- 1,07 í Noregi
- 0,47 í Danmörku
- 0,43 í Svíþjóð (þar flokkast réttargeðdeildir undir fangelsi).
- 0,39 í Finnlandi
- 0,38 á Íslandi

Sumarlokanir eru orðnar árviss viðburður á spítalanum síðustu 10 ár.

Forsvarsmenn spítalans hafa bent á að sumarlokanir vari í sífelld styttri tíma (LSH).

- 2017 - Móttökugeðdeildir - 16 rúm í 39 daga. Endurhæfingargeðdeild 5 daga lokuð í 53 daga. Endurhæfingargeðdeild 7 daga lokuð í 53 daga.
- 2018 - Móttökugeðdeildir - 16 rúm í 53 daga. Endurhæfingargeðdeild 5 daga lokuð í 39 daga.
- 2019 - Móttökugeðdeildir - 16 rúm í 39 daga. Endurhæfingargeðdeild 5 daga lokuð í 39 daga.

Þrátt ívið styttri sumarlokanir hefur nýtingarhlutfall rúma á móttöku- og bráðageðdeildum yfir hásumarið aukist. Nú er svo komið að hlutfallið er komið langt yfir öryggismörk eða í 109% miðað við 85% öryggismörk í júlí í sumar (LSH)<sup>1</sup>.

- 2017 95%
- 2018 103%
- 2019 109%

Á sama tíma berast Geðhjálp ábendingar frá notendum, aðstandendum og starfsmönnum um að þröskuldur að þjónustunni sé enn hærri og snemmútskriftir algengari yfir hásumarið en á öðrum tímum. Með tilvísun til þess má gera ráð fyrir því að inniliggjandi sjúklingar séu með heldur flóknari vanda á þessum tíma en öðrum tímum ársins.

Forsvarsmenn geðsviðs hafa rakið vanda sviðsins til skorts á hjúkrunarfræðingum og fjármagni til þjónustu og viðhalds á húsnæði. Geðhjálp leggur til að kannað verði hvort hægt sé að endurskilgreina þörf sjúklinga fyrir þjónustu í því augnmiði að virkja fleiri fagstéttir til starfa á geðsviðinu ásamt því að ráða fleiri notendur til stuðnings eins og gefið hefur góða raun í mörgum nágrannalandanna.

---

<sup>1</sup> Meðaltalsnýting rúma á geðsviði var 102% árið 2018.

Geðhjálp hafa borist ábendingar um að skortur á sérfræðingum komi niður á þjónustunni. Sérfræðilæknir á sviðinu hefur bent á að eðlilegt sé að setja öryggisviðmið um hversu margir sjúklingar séu í umsjón hvers sérfræðings. Hann segir t.a.m. óeðlilegt að einn sérfræðingur beri ábyrgð á 17 sjúklingum eins og dæmi eru um. Með sama hætti hefur verið bent á að undirmönnun og streita meðal starfsfólks valdi aukinni hættu á þvingun gagnvart sjúklingum. Varnarteymið á Hringbraut var kallað út 89 sinnum árið 2017 og 114 sinnum árið 2018. Varnarteymi á Kleppi var kallað út 7 sinnum árið 2017 og 17 sinnum árið 2018.

Skortur á fjármagni kemur ekki aðeins niður á þjónustu heldur einnig nauðsynlegum endurbótum og viðhaldi á húsnæði. Eftir tvö sjálfsvíg á geðsviðinu benti Geðhjálp á gera þyrfti nauðsynlegar breytingar á húsnæði sviðsins til að draga eftir fremsta megni úr hættunni á frekari sjálfsvígum í lok ársins 2017. Ljóst er að skortur á fjármagni hefur valdið því að þessum endurbótum hefur ekki verið lokið. Gera þarf gangskör að því að ljúka þessu verkefni hið allra fyrsta. Með sama hætti þarf að tryggja fjármagn til að ljúka framkvæmdum í því skyni að gera spítalanum kleift að taka við þjónustu við ungt fólk með tvígreiningu.

Sinna þarf almennu viðhaldi, einkum á húsnæði geðsviðs á Hringbraut. Þar má nefna að koma þarf upp bekk og annarri aðstöðu til að hægt sé að nýta garð við húsið til útivistar. Setja þarf upp myrkvunargluggatjöld á deildum til að skapa sjúklingum aðstæður til að ráða bót á svefnvanda og stuðla að vistlegra umhverfi á mörgum deildum. Sem dæmi um húsbúnað á geðsviðinu er hægt að nefna að dæmi eru um að rúm hafi verið færð þangað eftir að hætt hafi verið notkun þeirra á öðrum deildum.

Síðast en ekki síst þarf að styrkja samfellu, t.a.m. í samstarfi ríkis og sveitarfélaga eins og gert er ráð fyrir í gildandi geðheilbrigðisstefnu. Því miður er framkvæmd hennar illa mönnuð og sumum verkefnum hefur ekki einu sinni verið byrjað á. Gott dæmi um skort á samfellu er að félagsþjónusta sveitarfélagana hefur ekki vakt um helgar til þess að afgreiða nauðungarvistanir. Afleiðingin af því er að fyrir helgar hafa geðlæknar stundum talsvert styttri tíma en 72 klst til að meta sjúklinga og/eða telja þá inn á sjálfviljuga innlögn.

Geðhjálp

Ágúst 2019